



Fréttabréf desember 2005
 Ábm. Sigurbjörg Róbertsdóttir deildarstjóri



Búum til betri heim

Í skólanum voru þemadagar 1. og 2. desember og var mikið um að vera hjá nemendum og starfsfólki. Þemað var að hjálpa þeim sem minna mega sín og velta upp spurningunni um hvernig við getum búið til betri heim. Krakkarnir hlýddu m.a. á fyrirlestur um börn í þróunarlöndunum, fóru og heimsóttu Bláa herinn og Rauða krossinn, bökuðu og seldu kökur og komu með gjafir að heiman sem þau pökkðu svo inn og Heiðarskóli afhenti síðan Mæðrastyrsnefnd pakkana. Þá kynntust nemendur líka málefnum í gegnum netið og horfðu á myndbandsspólur. Nemendum var skipt í hópa báða dagana þannig að eldri og yngri nemendur unnu saman. Það var mikil gleði og áhugi sem ríkti þessa tvo daga í skólanum og við þemalok komu allir nemendur skólans saman í íþróttahúsinu og sungu saman lagið Hjálpum þeim.



Til hamingju nemendur með mjög góðan árangur

Niðurstöður úr samræmdu prófunum í 4. og 7. bekk hafa nú borist nemendum og skólanum. Nemendur í Heiðarskóla náðu landsmeðaltali eða herra í báðum greinum í báðum árgöngum.

Í 4. bekk var meðaltal í íslensku 7,0 (landið 6,8) og í stærðfræði 7,7 (landið 6,8)

Í 7. bekk var meðaltal í íslensku 7,3 (landið 7,3) og í stærðfræði 7,6 (landið 6,9)

Það má sjá á þessum niðurstöðum að nemendur stóðu sig mjög vel í báðum greinum, sérstaklega sýndu nemendur frábæran árangur í stærðfræði.



Jólaskemmtanir og stofujól

Dagskrá desembermánaðar verður með hefðbundnu sniði í Heiðarskóla. Nemendum verður boðið upp á heitt súkkulaði og piparkökur og sungið verður á sal. Þriðjudaginn 20. desember verða hin árlegu „Litlu jól“ í skólanum. Ráðgert er að þau taki um eina og hálf klukkustund hjá hverjum bekk fyrir sig. Eins og venjulega verður jólaguðspjallið flutt af nemendum 7. bekkja. Þá verða sungin jólalög og dansað í kringum jólatréð. Síðan heldur hver bekkur til sinnar stofu og heldur stofujól með umsjónarkennara sínum. Nemendur eiga að mæta þann dag sem hér segir (sjá töflu til hægri):

**kl. 8:30
til 10:00**
 1. BG
 2. AJ
 3. EÓ
 4. SG
 6. EE
 8. MJ
 10. SN

**kl. 10:00
til 11:30**
 1. FÓ
 2. HH
 3. HT
 4. HE
 5. HS
 6. MÓ
 8. SP
 9. ÞG

**kl. 11:30
til 13:00**
 1. GP
 2. IP
 5. JP
 7. EE
 7. IS
 7. KG
 9. RR
 10. GH

Mikið um að vera í Heiðarskóla



Hólmfríður Karlsdóttir og Elín Rós Bjarnadóttir kennaranemar voru kvaddir með bókargjöf eftir fimm vikna æfingakennslu í Heiðarskóla. Við þökkum þeim kærlega fyrir samveruna og óskum þeim góðs gengis í framtíðinni.



Þorvaldur Þorsteinsson rithöfundur heimsótti skólann í október og las fyrir nemendur úr bókum sínum. Krakkarnir kunnu vel að meta upplesturinn og voru til fyrirmyndar á sal.



17. nóvember var árleg brunaefting í Heiðarskóla. Hún gekk vonum fram og liðu ekki nema 35 mínútur þangað til búið var að rýma bygginguna, reykhreinsa og allir komnir inn aftur. 8. bekk SP þurfti að bjarga af svölunum og á myndinni bíða nemendur björgunar.

Samkennsla í 1. bekk

Nemendur í 1. bekk komu saman og voru að læra stafinn B. Benni bangsi kom í heimsókn og vakti mikla lukku. Nemendur voru ófeimnir og spurðu hann spjörunum úr og Benni var rosalega ánægður með hve börnin í Heiðarskóla voru stillt og dugleg að læra að lesa.



Nemendur í 3. bekk fóru í heimsókn til höfuðborgarinnar.

Undanfarin ár hafa MS Reykjavík og Emmessís hf boðið grunnskólanemendum í heimsókn til að kynna mjólkur- og ísframleiðslu. 3. bekkur í Heiðarskóla fór í heimsókn 22. nóvember og þáði léttar veitingar ásamt kynningu.



Líffræði mannsins

Nemendur úr 9. og 10. bekk í vali sem nefnist Líkami mannsins fást við skemmtileg verkefni í skólanum. Þau fengu m.a. það áhugaverða verkefni að kryfja og skoða brjóstholslíffæri úr svínunum.

Brjóstholslíffæri úr svínunum eru mjög lík líffærum manna og voru nemendur sam-mála um að þeir hefðu lært margt á að skoða líffærin.



Dagur íslenskrar tungu

Það var mikið um að vera í skólanum í tilefni af Degi íslenskrar tungu 16. nóvember. Allir nemendur skólans komu á menningarstund á sal skólans þar sem nemendur í 2., 4., 6., 8. og 10. bekk sýndu atriði fyrir skólafélaga sína. Nemendur í 10. bekk tóku þátt í bókmenntaþingi í Kirkjulundi ásamt fjölmörgum nemendum úr Reykjanesbæ, Hafnarfirði og Grindavík. Leikskólar heimsóttu skólann og sýndu atriði fyrir nemendur í 1. bekk og sigurvegari Stóru upplestrarkeppinnar frá í vor, Elísa Sveinsdóttir, las upp ljóð á verðlaunaafhendingu sem menntamálaráðherra var með í Duus-húsum. Dagurinn tókst mjög vel og þökkum við öllum, bæði nemendum og kennurum sem tóku þátt í honum.



Nemendur úr 10. bekk leiklesa Hans klaufu.

Kynning í 5. bekk JP

Miðvikudaginn 23. nóvember kom Rannveig Ævarsdóttir (móðir Arnórs Freys) í heimsókn til 5-JP. Hún kom til að kynna starf sitt og sýndi hún krökkunum plús- og mínusgler til að leyfa þeim að sjá muninn á nærsýni og fjarsýni. Í lokin leyfði hún þeim að prufa Oakley sólgleraugu með innbyggðum mp3 spilara sem hægt er að hlaða inn lög í gegnum tölvuna eins og á venjulegum mp3 spilara. Krakkarnir höfðu mjög gaman af þessari heimsókn og viljum við öll þakka henni kærlega fyrir.

Jane Petra og krakkarnir í 5-JP



Norræna skólahlaupið

Þann 25. nóvember hlupu nemendur Heiðarskóla Norræna skólahlaupið í blíðskaparveðri. Boðið var upp á að hlaupa fjórar vegalengdir, 2,5 km, 5 km, 7,5 km og 10 km. Kapp var í mörgum nemendum, en 61 hljóp 7,5 km og 81 hljóp 10 km. Einhverjir komust þó framhá kennurunum sínum og hlupu meira. Nemendur stóðu sig afbragðsvel því samtals hlupu nemendur skólans 2250 km. Flott hjá ykkur krakkar.

Kveðja íþróttakennarar



Þeyttir nemendur við sólarupprás kl. 10:29 eftir gott hlaup.

9. bekkur á sjó

Nemendum í 9. bekk var boðið upp á kynnisferð með hafrannsóknaskipinu Dröfn í nóvember. Þetta verkefni er unnið í samvinnu Fiskifélagsins, Hafrannsóknastofnunar og sjávarútvegsráðuneytisins. Í ferðinni fengu nemendur fræðslu um sjávarútveg og vistkerfi hafsins, allt frá minnstu þörungum til hvala. Um borð er líkan af trolli og nót og sýndi stýrimaðurinn hvernig þau virka. Síðan var trolli dýft í sjóinn. Aflinn var aðallega seiði sem sleppt var aftur og smáýsur. Krakkarnir fengu svuntur og hanska, gerðu að aflanum og könnuðu líffæri og tegundir undir leiðsögn fiskifræðings. Ferðirnar eru mjög skemmtileg viðbót við skólastarfið og kunnum við gestgjöfunum bestu þakki fyrir svo og foreldrunum sem fóru með í ferðirnar.



Vel búnar stúlkur úr 9. bekk á sjó.

Jólafrí og mæting eftir áramót

Jólafrí nemenda hefst miðvikudaginn 21. desember. Skólastarfið hefst aftur miðvikudaginn 4. janúar 2006 samkvæmt stundaskrá.

7. bekkur á Reykjum - Horft til baka

Það var snilld á Reykjum. Á Reykjum sá ég sel, ég vann hárgreiðslukeppni, við fórum í leik úti í einn og hálfan tíma og það var ógeðslega kalt úti. Það var alltaf snilldar matur þarna. Kvöldvökurnar þarna voru skemmtilegar. Á þeim var farið í leiki, keppnir og fleira. Ein kvöldvakan var diskótek og á því var þvítíkt stuð. Síðan kepptu stelpurnar í Heiðarskóla á móti stelpunum í Hamraskóla í fótbolta og vann Hamraskóli þann leik 2-0.



Síðan var keppt í körfubolta á milli Heiðarskóla og Hamraskóla. Heiðarskóli vann þann leik 40-10. Í tímunum var farið í náttúrufræði þar sem við fórum í leik úti í einn og hálfan tíma. Í náttúrufræði fórum við líka í fjöru.

Andri 7. bekk IS

Starfsfólk Heiðarskóla heimsækir skóla í Minneapolis

Dagana 27. - 31. október s.l. fór starfsfólk Heiðarskóla til Minneapolis í Bandaríkjunum. Tilgangur ferðarinnar var að kynna sér skólustarf þar í borg. Öllum hópnum var skipt upp í þrjá minni hópa eftir stigum, yngsta stig, miðstig og efsta stig.

Hver hópur heimsótti tvo skóla og dvaldi þar mestan part skóladagsins. Fengum við kynningar á starfsemi skólanna, skipulagi og þá var öll aðstaða skoðuð. Einnig var drjúgum tíma varið í að fylgjast með kennslu í skólunum.

Skipuleggjandi þessara skólaheimsóknna var Þórunn Bjarnadóttir í samvinnu við sérstaka ferðanefnd Heiðarskóla. Við val á skólum þar ytra var það haft að leiðarljósi að allir hópar fengju að kynna skólum sem þykja skara fram úr á hinum ýmsu sviðum kennslu, agamála og skipulagningar. Einnig að við fengjum að kynna skólum skóla, hvað varðar samsetningu nemendahópa. Við komum í skóla, sem voru svo til eingöngu með millistéttarnemendum og síðan í skóla sem voru að stærstum hluta með nemendum af erlendu bergi brotnu. Skólarnir sem við skoðuðum voru flestir nokkuð stórir á íslenskan mælikvarða, allt frá 500 nemenda skóla upp í 1300 nemenda skóla. Ferðin var mjög fróðleg og hafa starfsmenn í Heiðarskóla framkvæmt ýmislegt sem þeir sáu í þessum heimsóknum og eiga eflaust eftir að nýta sér margar góðar hugmyndir úr ferðinni.

Þriðjudaginn 1. nóvember, þegar við komum heim, hlupu foreldrar í skarðið fyrir starfsfólkið fyrstu tvo tíma dagsins. Var þetta skipulagt af foreldrafélaginu og voru tveir til þrjár foreldrar í hverjum bekk. Sumir voru með kynningar á sínum störfum, héldu málfundi með nemendum eða voru með spilatíma, svo eitthvað sé nefnt. Þetta var nýr og skemmtilegur flötur á samvinnu foreldra og skólans og færum



við öllum sem að komu okkar bestu þakkir fyrir. Þá viljum við einnig þakka KÍ, Reykjanesbæ og þeim fyrirtækjum sem styrktu okkur til fararinnar. Án þeirra stuðnings hefði okkur ekki verið fært að fara þessa skemmtilegu og fróðlegu ferð.

Desember í Heiðarskóla



Adventurestur í desember. Gestir komu og lásu fyrir yngri nemendum á bókasafni og Bryndís Jóna Magnúsdóttir kom og kynnti bók sína „Er ég bara flatbrjóstá nunna?“ fyrir eldri nemendum.



Öllum nemendum skólans var boðið í súkkulaði og piparkökur.



Jólafondur foreldrafélagsins var í skólanum 3. desember.